

Ed. 252. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar heimilast að leggja sérstakt gjald á alla mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem sérleyfi er veitt til, og má gjaldið nema allt að 50% af sjálfu fargjaldinu. Gjald þetta rennur í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

2. gr.

Sérleyfishafar annast innheimtu gjalds þessa með fargjaldinu, enda sé hverjum farþega afhentur farseðill með tilgreindri heildarupphæð. Farseðlarnir skulu gefnir út af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem tekur á móti gjaldinu um leið og farseðlar eru afhentir, þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

3. gr.

Sérleyfishafar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldsins. Þeim er óheimilt að flytja nokkurn mann á þessari leið án þess að afhenda honum farseðill með tilgreindu fargjaldi.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tilefni af frumvarpi til laga um skatt- og útsvarsfrelsi togaraútgerðarinnar í næstu 5 ár. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir einróma samþ. þær tillögur, sem í því frumvarpi felast, þó þannig, að jafnmiklar tekjur fáiast í bæjarsjóðinn og tekjumissirinn verður, ef það frumvarp verður að lögum.

Útsvar þeirra togara, sem nú eru skrásettir frá Hafnarfirði, nemur 70—80 þús. kr. á ári, eða 25% af heildarútsvarsupphæðinni í bænum. Eins og allir sjá, getur bæjarsjóður ekki þolað að missa þessar tekjur, nema hann fái aðrar tekjur í staðinn sem því svarar. Upphæð sú, sem fæst í bæjarsjóðinn, ef frumvarp þetta verður að lögum, mun láta mjög nærri að vera sú sama eins og þessi núverandi útsvarsgreiðsla togaranna.

Það skal einnig tekið fram, að 4 af hverjum 5 mönnum, sem fara á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, munu vera Hafnfirðingar.